

Landssamband DKG

Áttundi fundur stjórnar landssambands DKG á Íslandi var haldinn á Skype 23. ágúst 2018 og hófst kl. 16.00.

Mættar: Jóna Benediktsdóttir, Helga G. Halldórsdóttir, Helga Magnea Steinsson, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Jónína Hauksdóttir og Eygló Björnsdóttir. Jensína gat ekki tekið þátt í fundinum.

Dagskrá:

1. **Afgreiðsla styrkumsóknar vegna alþjóðapings.** Samþykkt að veita Ingibjörgu Jónasdóttur styrk til að sækja alþjóðapingið í Texas kr. 40.000.-. Forseta falið að kanna hver greiðslan var síðast og samþykkt að fara ekki undir þá upphæð hafi hún verið hærri.
2. **Undirbúningur og skipulag framkvæmdaráðsfundar.** Salur hefur verið bókaður í Kennarasambands húsinu og þarf ekki að borga fyrir salinn. Einhver vandræði voru með skjávarpa, en það leystist síðast. Helga Guðný. mun sækja lyklana fyrir kl. 15 á föstudeginum 7. september og spyrja einnig út í tæknimálin.

Dagskrá hefst kl. 10.00, en boðið upp á kaffi frá 9.45. Fyrsti liður: konur kynna sig í 1-2 mínútur. Sigrún Klara kæmi næst og þarf 40 mínútur Sigrún Klara er tilbúin með kynningu sem tekur tillit til lagabreytinganna frá því í sumar. Jensína biður um að vera með innlegg um gjaldkerafræðslu, sem tekur 30 mín. Yfirferð yfir vefsíðurnar er næst og Eygló tekur það. Matarhlé kl. 12.10 í 30 mínútur. Kaupa bakka frá Sóma samlokur, ávexti og kaffi, te og mjólk. Varaforsetarnir taka að sér þetta hlutverk. Fundurinn byrjar síðan aftur í síðasta lagi 13.00. Þá verður farið yfir framkvæmdaáætlun. Forseti gerir það, tekur 30 mínútur. Næst segir IEG frá Evrópuráðstefnunni, staðan og hvatning til kvenna að taka þátt í 20 mín. Landsambandsþingið næst, senda út tillögu með fundarboði, tekur 15 mín. Síðasti liður Ábyrgð formanna, sem forseti tekur. Fundi lýkur síðan 15.00. Farið var yfir verkefnin fram undan og ábyrgð hvers og eins stjórnarmanns. Ingibjörg er tilbúin að rita fundinn. Jónína tekur að sér tímastjórnun.

3. **Landsambandsþing.** Samþykkt að leita eftir einum fyrirlestri og vinna síðan að Evrópuráðstefnunni. Jóna lagði til að biðja Ingva Hrannar um að halda fyrirlesturinn. Samþykkt. Hún hefur samband við hann. Lagt til að halda þingið þann 4. maí. Lagt til að biðja Kappadeild og Etadeild að taka að sér skipulagningu. Samþykkt. Forseti gerir þetta. Farið yfir helstu liði, húsnæði og alla umgjörð. Menntamálanefndin finnur fyrirlesara ef Ingvi Hrannar getur ekki haldið fyrirlesturinn. Finna þarf út hver fer með orð til umhugsunar, kveikir á kertum o.fl. Kemur væntanlega í hlut deildanna sem annast þingið.
4. **Staðan varðandi Evrópuráðstefnu.** Stjórn samþykkti að IEG tæki að sér formennsku í stýrihópi ráðstefnunnar og greindi hún frá stöðu mála. Fyrsti fundur stýrihóps hefur verið haldinn með formönnum nefnda og sá næsti fram undan þann 8. september. Farið var yfir skilgreiningu á stýrihópnum og meðlimum hans. Samþykkt var að breyta samsetningu stýrihóps og nú sitja Evrópuforseti, landssambandsforseti, vefstjóri og gjaldkeri í hópnum ásamt formanni hans. Fundir verða haldnir reglulega með formönnum, öllum eða sumum eftir atvikum. Lögð var áhersla á að fullskipa undirnefndir sem fyrst og það verkefni gengur mjög vel. Farið var yfir skilgreiningu á verkefnum nefndanna og höfðu formenn möguleika á að koma að breytingum á þeim. Fyrstu drög að fjárhagsáætlun hafa verið gerð, en stýrihópurinn á eftir að fara yfir hana. Evrópuforseti tekur hana síðan með sér út á fund þann 9. september. Í undirbúningi er gerð verkáætlun fyrir hverja nefnd undir forystu formanna.

Það sem helst veldur okkur vandræðum er að nú eru alþjóðasamtökin ábyrg fyrir ráðstefnunni, því sérstakar svæðaráðstefnur hafa verið lagðar af og eru allar ráðstefnur

alþjóðlegar og á ábyrgð aðalstöðvanna. Ekki er skýrt hvað þetta þýðir í raun og veru gagnvart framkvæmdinni. En fyrir liggur val á hóteli og pöntun á sölum og samningur um verð á kvöldverði, sem þó má ganga út úr fyrir tiltekna dagsetningu. Höfuðstöðvarnar munu skrifa undir þennan samning. Evrópuforseti er tenging okkar við höfuðstöðvarnar og ber í raun ábyrgð á ráðstefnunni á Íslandi. Efni ráðstefnunnar er ákveðið af höfuðstöðvunum og fengum við „professional research“ í okkar hlut. Ráðstefnan verður tvo og hálfan dag, var stytt um einn dag frá fyrri framkvæmd, 25.-27. júlí. Setningin verður á fimmtudegi, ráðstefnudagurinn er föstudagurinn og kvöldverðurinn. Á laugardeginum er sennilega aðalfundurinn. Evrópunefndin ber ábyrgð á tveimur tímum á ráðstefnunni. Skoða þarf dagskrá með hliðsjón af því að um alþjóðaráðstefnu er að ræða.

5. Önnur mál.

- a. Næsti fundur stjórnar verður ákveðinn eftir framkvæmdaráðsfundinn. Mæting stjórnarmanna á framkvæmdaráðsfundinn er kl. 8.30 þann 8. september í Kennarasambandshúsinu.
- b. Kaupa þarf 15 rósir. Varaforsetar taka það að sér.
- c. Forseti sendir tillögu að fundarboði á framkvæmdaráðsfundinn á stjórnarmenn.